



16. ágúst 2011

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Umsögn um drög að starfsleyfistillögu fyrir Laxa fiskeldi ehf. og upplýsingar um nýtingu svæða í Reyðarfirði.

Umhverfisstofnun hefur með bréfi dagsettu 10. ágúst sl. óskað eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands um drög að starfsleyfistillögu fyrir Laxar fiskeldi ehf. Jafnframt hefur stofnunin óskað eftir upplýsingum um starfssemi í nágrenninu sem hugsanlega geti stangast á við þá starfssemi sem um ræðir. Drög að starfsleyfistillögu voru móttækin í tölvupósti þann sama dag, ásamt afriti af starfsleyfisumsögn, viðbótargögnum við hana, greinargerð með tilkynningu um fyrirhugaða laxeldisstöð og ákvörðun Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldu framkvæmdarinnar.

Umsögn um drög að starfsleyfistillögu:

Liður 1.2.

Tekið er fram að heimilt sé að framleiða allt að 6.000 tonn af laxi á árlega. Er vitað hvað þarf mikinn lífmassa í stöðinni til að standa undir áðurnefndri framleiðslu? Heilbrigðiseftirlit Austurlands telur að inní leyfið ætti einnig að setja mörk um hámarks lífmassa í stöðinni.

Liður 2.8. -2.9.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki efnislega athugasemdir við þessa liði í starfsleyfisdrögunum en bendir á að í starfsleyfisumsókn kemur fram dauður fiskur verði „greftraður“ á löggiltum urðunarstað í samráði við UST. Ekki kemur fram í starfsleyfisumsókn eða í öðrum fylgigögnum hvað gert er ráð fyrir að mikil afföll verða í stöðinni, þ.e. ekki liggur fyrir hversu mikið magn af dauðum laxi muni þurfa að urða árlega. Sveitarfélagið Fjarðabyggð hefur starfsleyfi frá Umhverfisstofnun til urðunar á 4.000 tonnum af úrgangi árlega á Þernunesi við Reyðarfjörð. Árið 2009 voru urðuð 3.700 tonn í Þernunesi og 2.400 tonn árið 2010. Heilbrigðiseftirlit Austurlands vill því benda á að til þess að kann að koma að finna þurfi nýjan urðunarstað stað í nágrenninu eða heimila að meira magn verði urðað árlega á urðunarstaðnum í Þernunesi en nú er gert.

Liður 3.1

Að mati Heilbrigðiseftirlits Austurlands hefði einnig þurft að koma fram í skráningum hvað verður um úrganginn, þ.e. fer hann í urðun, eyðingu eða endurvinnslu.

Nýting svæða í Reyðarfirði sem hugsanlega getur stangast á við þá starfsemi sem um ræði í starfsleyfistillögunni:

Fyrirtækið Skeljaberg ehf. hefur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands til ræktunar á allt að 200 tonnum af kræklingi árlega í Eskifirði og í Rákarbót í sunnaverðum Reyðarfirði sem er í nágrenni við fyrirhugað eldissvæði, Gripaldi. Í starfsleyfisumsókn Laxar ehf. er tekið fram að „ekki verði séð að kræklingarækt Skeljabergs muni hafa áhrif á fyrirhugað eldisstarf Laxar ehf. Að mati Heilbrigðiseftirlits Austurlands þarf að kanna hvort fyrirhugað eldisstarf Laxar ehf. komi til með að hafa áhrif á kræklingarækt Skeljabergs.

Önnur starfssemi við Reyðarfjörð sem hugsanlega getur haft áhrif á fyrirhugað kvíaeldi í Reyðarfirði.

Á þernunesi við sunnanverðan Reyðarfjörð hefur Fjarðabyggð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun til urðunar á allt að 4.000 tonnum af úrgangi árlega.

Við innanverðan Reyðarfjörð hefur Alcoa Fjarðaál starfsleyfi frá Umhverfisstofnun vegna framleiðslu á allt að 360.000 tonnum af áli árlega. Við álverið er stórskipahöfn og eru skipaferðir um fjörðinn allnokkrar.

Athugasemdir við starfsleyfisumsókn og greinargerð með tilkynningu um fyrirhugaða 6.000 tonna laxeldisstöð.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur móttækið og lesið starfsleyfisumsókn Laxar ehf. og greinargerð með tilkynningu um fyrirhugaða eldisstöð. Þrátt fyrir að Skipulagsstofnun hafi nú þegar úrskurðað á þann veg að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum og kærufrestur vegna úrskurðarins sé liðinn vill Heilbrigðiseftirlit Austurlands engu að síður koma athugasemdum sínum varðandi áður nefnd atriði á framfæri.

- Bæði í starfsleyfisumsókninni og í greinargerðinni er þess getið að engar laxveiðiár séu í Reyðarfirði og tekið fram að næstu laxveiðiár við Reyðarfjörð séu í Rangárnar og Vopnafjarðarárnar jafnframt er þess getið að í Breiðdalsá hafi verið „stundaðar seiðasleppingar í þeirri von að hægt verði að ná þar upp laxveiði“.¹

Heilbrigðiseftirlit Austurlands vill benda á að árið 2010 veiddust 1.178 laxar² í Breiðdalsá og meðalveiði undanfarinna 10 ára er yfir 500 laxar. Laxveiði er einnig stunduð í ám sem falla í Héraðsflóa má þar nefna Jökulsá á Dal, Fögruhlíðará, Selfljót og Gilsá.

- Í greinargerðinni er fullyrt að skólp og úrgangur frá fiskvinnslum sé að mestu leyti losaður í fjörur landsins.³

Heilbrigðiseftirlit Austurlands bendir á að samkvæmt samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunnar og heilbrigðiseftirlitssveitarfélaga fyrir fiskvinnslur skal forhreinsa iðnaðarskólp áður en því er veitt til sjávar.

Jafnframt bendir Heilbrigðiseftirlit Austurlands á að samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 789/1999 skal öllu skólpi sem veitt er til sjávar veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

¹ Greinargerð bls. 13, starfsleyfisumsókn bls. 7

² www.angling.is vefur landssambands veiðifélaga

³ Greinargerð bls. 17

Heilbrigðiseftirlit Austurlands kannast ekki við skólp og úrgangur frá fiskvinnslum sé losaður í fjörur á starfssvæði embættisins og dregur mjög í efa að slík sé raunin annarsstaðar á landinu.

- Í greinargerðinni er vísað í úrskurð Skipulagsstofnunnar frá 23. október 2002 en þar kemur fram að samkvæmt svokölluðu LENKA viðtakamati hafi fjörðurinn þolað að taka við 940 tonnum af köfnunarefni (N) á ári. Árleg losun var þá metin 300 tonn og því hefði fjörðurinn getað tekið við 640 tonnum af köfnunarefni árlega sem myndi samsvara rúmlega 7.000 tonna framleiðslu á fiski.⁴

Heilbrigðiseftirlit Austurlands bendir á að frá því að ofangreint viðtakamat var framkvæmt hefur íbúum Reyðarfjarðar fjölgað úr 616 árið 2002 í 1102 árið 2011 eða um 78,9%⁵ Heilbrigðiseftirlit Austurlands vill ennfremur benda á að frá því að viðtakamatið fór fram hefur risið álver við Reyðarfjörð með leyfilega ársframleiðslu upp á 360.000 tonn⁶

Að mati Heilbrigðiseftirlits Austurlands hefði að lágmarki þurft að endurmeta losun á köfnunarefni í Reyðarfjörð í kjölfar fjölgunar íbúa og aukningar á atvinnustarfssemi í formi stóriðju.

- Í greinargerðinni er tekið fram að fyrirhugað er slátrun laxa fari fram í byggðinni⁷.

Að mati Heilbrigðiseftirlits Austurlands hefði þurft að meta hvort fráveituvatn (blóðvatn) frá fyrirhugaðri laxaslátrun hafi áhrif á losun köfnunarefnis í fjörðinn.

Í starfsleyfisumsókn og í greinargerð er tekið fram að dauður fiskur verði urðaður í samráði við UST (Umhverfisstofnun)⁸

Að mati Heilbrigðiseftirlits Austurlands hefði þurft að koma fram í greinargerðinni hvað eðlilegt sé að gera ráð fyrir að miklum afföllum af laxi í eldisstöð á borð við þá sem umræðir, þannig að unnt verði að gera ráðstafanir tímanlega komi til þess að finna þurfi nýjan urðunarstað í nágrenninu.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands harmar að hafa ekki fengið að koma athugasemdum sínum, varðandi starfsleyfisumsóknina og greinargerðina á framfæri á fyrri stigum málsins, áður en tekin var ákvörðun um matsskyldu fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Virðingafyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Austurlands

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

⁴ Greinargerð bls. 19

⁵ www.hagstofa.is vefur hagstofu Íslands

⁶ Starfsleyfi álversins má finna á vef Umhverfisstofnunnar www.ust.is

⁷ Greinargerð bls. 9

⁸ Greinargerð bls. 20, starfsleyfisumsókn bls. 12